

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19, nr. 1240/2021.

1. gr.

Á eftir 8. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein, 8. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Skyldur ferðamanns frá hááhættusvæði.

Þrátt fyrir 7. og 8. gr. er ferðamanni, sem hefur dvalið meira en sólarhring á síðastliðnum 14 dögum á hááhættusvæðum skv. 2. mgr., hvort sem hann hefur tengsl við Ísland eða ekki, bólusettur eða ekki, með sögu um fyrri sýkingu af völdum COVID-19 eða ekki, skylt að fara í PCR-sýnatöku á landamærastöð eða annars staðar þar sem sóttvarnalæknir ákveður við komuna til landsins og síðan í sóttkví þangað til niðurstöður liggja fyrir úr annarri PCR-sýnatöku sem skylt er að undirgangast og framkvæma skal 5 dögum eftir komu til landsins. Börn fædd 2016 og síðar eru undanskilin þessum reglum.

Til hááhættusvæða teljast eftirfarandi ríki:

- a. Botsvana
- b. Esvatíní
- c. Lesótó
- d. Mósambík
- e. Namibía
- f. Simbabve
- g. Suður-Afríka

Ferðamanni samkvæmt þessu ákvæði er enn fremur skylt að forskrá sig, sbr. 1. mgr. 8. gr. og framvísa neikvæðu COVID-19 prófi, sbr. 1. másl. b-liðar 2. mgr. 8. gr. Ferðamenn með tengsl við Ísland eru undanþegnir skyldu að framvísa neikvæðu COVID-19 prófi samkvæmt þessu ákvæði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 13. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 27. nóvember 2021.

Svandís Svavarsdóttir.

Ásta Valdimarsdóttir.